



Atvinnuveganefnd Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. júní 2013

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögsmæts sjávarafli og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum (stærðarmörk krókaafلامarksbáta, strandveiðar, gjaldtökuheimildir, viðurlög), 4. mál.

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka fiskvinnslustöðva og Samtaka atvinnulífsins um ofangreint stjórnarfrumvarp.

Samtökin leggjast gegn þeim breytingum sem lagðar eru til á stærðarmörkum krókaafلامarksbáta. Samtökin vísa til umsagnar Landssambands íslenskra útvegsmanna frá 8. apríl 2002 við mál 562, þingskjal 882, sem varð að lögum nr. 82/2002, um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, þar sem segir:

„Við erum alfarið á móti þeim fyrirætlunum að takmarka stærð krókaafلامarksbáta við 15 brúttótonn í stað 6 brúttórúmlasta eða 6 brúttótonna eins og nú er. Engin rök eru færð fyrir breytingunni í greinargerð með frumvarpinu en vísað er til þess að þetta sé í samræmi við tillögur meirihluta Endurskoðunarnefndar. Í álitum meirihlutans segir um þetta atriði: “Meirihluti nefndarinnar telur að takmarka beri stærð krókaafلامarksbáta, en þó séu 6 tonna takmörkin sem áður var stuðst við óþarflega þröng m.a. af öryggisástæðum”. Undanfarin ár hafa gríðarlega miklar aflaheimildir verið teknar af aflamarksskipum og fluttar til krókabáta undir 6 tonnum. Heimildir þessar hafa verið teknar bæði af stórum og smáum skipum þ.m.t. skipum undir 15 brúttótonnum. Samkvæmt frumvarpinu á nú að heimila þeim sem fengið hafa þessar heimildir að stækka þau langt upp fyrir stærð þeirra skipa sem heimildirnar hafa verði teknar frá! Sjávarútvegsráðherra hefur sagt að þessi breyting sé gerð vegna öryggissjónarmiða. Þessi röksemdafærsla er svo fráleit að hún er ekki einu sinni brotleg. Sé sjávarútvegsráðherra umhugað um öryggismál er einfaldast fyrir hann að leggja til að öllum heimildum sem teknar hafa verið af skipum stærri en 6 brúttórúmllestir eða 6 brúttótonn verði skilað aftur til þeirra. Rétt er að benda einnig á þann möguleika að flytja frekari heimildir frá skipum undir 6 tonn en þær sem fluttar hafa verið til þeirra frá stærri skipum megi það verða til að auka öryggi sjómanna.”

Sömu rök eiga við tillögu þess frumvarps sem hér um ræðir um að hækka stærðarmörk krókaafلامarksbáta og áttu við þegar stærðarmörk þeirra voru hækkuð úr 6 í 15 brúttótonn.

Reglugerð 2930/86/ESB fellur ekki undir EES-samninginn og gildir því ekki um íslensk fiskiskip. Aðeins fiskiskipum, sem sigla undir íslenskum fána, er heimilt að stunda fiskveiðar í íslensku efnahagslögsögunni. Því er ekkert tilefni til að laga skráningarreglur íslenskra fiskiskipa að reglum Evrópusambandsins. Ef vísa á til reglna um mælingar skipa er réttara að vísa til alþjóðasamnings um mælingar skipa (e. International Convention on Tonnage Measurements of



Ships frá 1969), en hann var lögfestur með lögum um skipamælingar nr. 146/2002, sbr. reglugerð um mælingu skipa nr. 527/1997.

Samtökin telja að ekki sé unnt að skilgreina óhjákvæmilegan meðafla í lúðu sem ólögmetan sjávarafla, eins og gert er í almennum athugasemdum í d. lið við 7. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtök fiskvinnslustöðva

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna